# LÖG

## um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „7,00 kr." í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 5,00 kr.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts og nautgripakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 400 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 400 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

3. gr.

21. gr. laganna, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 69/1998, fellur brott.

4. gr.

Orðin „og/eða 1. mgr. 21. gr." í 7. mgr. 29. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 124/1995, falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Verðmiðlunargjöld og verðskerðingargjöld, sem innheimt verða af verði til framleiðenda og af slátur- og heildsölukostnaði eftir 1. september 1998, skulu endurgreidd framleiðendum og sláturleyfishöfum í samræmi við ákvæði laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*